

8. fundur Skólaráðs 26.6. 2014 kl. 8:10

Mættir: María Heba, Þórður, Elísa Vigfúsdóttir, Anna María Skúladóttir, Anna Kristín Jóhannesdóttir og Hrönn Bergþórsdóttir. Kennarar og nemendur voru ekki boðaðir þar sem fundurinn var utan starfstíma skólans.

Dagskrá:

1. **Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.**
2. **Niðurstöður starfsmannasamtala.**
3. **Undirbúningur fyrir næsta skólaár.**
4. **Valgreinar í unglingadeild.**
5. **Önnur mál.**

Þetta er lokafundur skólaársins.

1. **Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.** Rætt var um niðurstöður mats á skólastarfinu og að stefnt er á að gera betur strax á næsta skólaári. Skólinn var almennt fyrir neðan meðaltal í flestu miðað við aðra skóla í Skólapúlsinum. Rætt var um tækifæri sem eru í stöðunni og hvað er til ráða. Má þar nefna að skólinn hefur fengið styrk til að vinna með Læsi og gengið til liðs við Háskólann á Akureyri í Læsi til náms. Margt fleira verður gert til að bæta skólastarfið sem of langt mál væri að telja upp hér en margt af því kemur fram í lið 3 hér að neðan.
2. **Niðurstöður starfsmannasamtala.** Niðurstöður starfsmannasamtala og mat á skólastarfinu í vetur. Hrönn fór yfir helstu niðurstöður starfsmannasamtala, t.d. að starfsmenn sakna þess að hafa matráð á kaffistofu telja það hafa mikil áhrif á starfsánægju. Veturinn hefur annars gengið vel, nokkuð gætt þreytu vegna námskrárvinnu. Margt fleira kom fram.
3. **Undirbúningur fyrir næsta skólaár og helstu verkefni ársins.** Starfsmannaveita er töluverð, mikið um mannabreytingar, ýmist eru starfsmenna að hætta eða fá leyfi til ársins. Búið er að ráða í allar helstu stöður og er staðan góð í þeim efnum. Spennandi ár framundan með nýjum verkefnum, nefnd rannsókn á sérkennslubörnum þar sem þau fá þjálfun með „direct teaching“ aðferðinni sem er þekkt frá Morningside School í Seattle og hefur skilað miklum árangri í lestri og stærðfræði m.a. Við teljum okkur heppin að fá að læra þessa kennsluáðferðir hér í skólanum. Einnig er skólinn að fara út í stórt þróunarverkefni sem nefnist „Læsi til náms“ á vegum Háskólans á Akureyri. Þar er unnið með læsi almennt og ýmsar aðferðir til að auka og vinna með orðaforða barna. Rannsóknir hafa sýnt að þessar aðferðir skila góðum árangri í öllu námi. Upplýsinga- og tæknimennt verður augin áhersla þar á og þróunarverkefni í tengslum við samfélagsfræði í unglingadeild. Einnig

eru komnir 28 skjávarpar í skólann og þráðlaust net á næsta leyti. Margt fleira spennandi verður í vinnslu næsta ár.

4. **Valgreinar í unglingsdeild** næsta skólaár: mikið og fjölbreytt úrval valgreina og mikið samstarf við Flensborg og lðnskólann.
5. **Önnur mál.** Starf Skólaráðs, opið skólaping – hugmyndir
Hugmynd um að taka skipulagsdag fljótlega að hausti og fá Brynhildi til að koma og vera með fyrirlestur að morgni dags um Lestrarhestamennsku fyrir kennara, starfsmenn og foreldra. Síðan yrði farið í hópa og rætt um hvað mætti bæta eða gera meira af í tengslum við lestur, bæði skólinn og heimilin. Safnast saman í lokin og farið yfir niðurstöður hópa sem er skilað til stjórnenda til að vinna út frá.

Skólaráðsfélögum þakkað fyrir gott samstarf.

Ritari Hrönn Bergþórsdóttir.